

4
11. apríl

LÖG

um

að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sektinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 11. apríl 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.